

Skipulags- og samgönguráð
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Efni : Umsögn Umhverfis- og skipulagssviðs við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins í skipulags- og samgönguráðiráði þann 14. október 2020 er varðar framkvæmdir í Esjuhlíðum.

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 14. október sl. var lögð fram fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins varðandi framkvæmdir í Esjuhlíðum.

1. Hvaða framkvæmdir eru í Esjuhlíðum?
2. Er framkvæmdaleyfi fyrir þessum umfangsmiklu framkvæmdum?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar Umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds.

Umsögn Umhverfis- og skipulagssviðs.

Varðandi framkvæmdir í Esjuhlíðum, þá er þetta verkefni á vegum Skógræktarfélags Reykjavíkur sem er umsjónaraðili jarðanna Mógilsár og Kollafjarðar sem eru skilgreindar sem almenn útivistarsvæði á gildandi deiliskipulagi.

Verkefnið er tengistígur frá bílastæðinu við Mógilsá og Esjustofu yfir að litlu stæði við Kollafjarðará, sem er staðsett á gamalli vegslóð sem liggur upp fjallið. Um er að ræða tengistíg milli núverandi bílastæðis yfir á björgunarstíg þar sem er samkvæmt deiliskipulagi skiplagt framtíðar bílastæði fyrir þjónustu Skógræktarfélags Reykjavíkur.

Síðustu ár hefur verið unnið að þróun á útivistarsvæðinu neðan við Gunnlaugsskarð meðal annars til að létta á umferð um stíginn upp að Steini og Þverfellshorni. Tengileiðin er því ákaflega mikilvægur hlekkur í þeirri þróun og í samráðsferli við útivistarfólk kom mjög skýrt fram nauðsyn þess að fá tengingu á milli þessara svæða, en einnig opnast þá mun betra aðgengi að leiðum í Mógilsárskógi. Hluti af leiðinni er nýframkvæmd en annað er endurgerð á eldri stígum.

Leiðin er samkvæmt gildandi deiliskipulagi fyrir svæðið, þar sem ýmist er skilgreindur vinnuvegur vegna skógræktar eða kvöð um göngustíg. Vegna þessa var það skilningur Skógræktarfélags Reykjavíkur að það væri ekki þörf á framkvæmdaleyfisumsókn fyrir þessa framkvæmd.

Verkefnið er unnið fyrir styrk frá Framkvæmdasjóði Ferðamannastaða, en einnig var unnið að styrkingu og lagfæringu á aðkomuleið að svæðinu fyrir styrk úr Styrkvegasjóði Vegagerðarinnar, auk þess hefur Skógræktarfélagið lagt töluvert af eigin fé og vinnu í verkefnið.

Reykjavík 27. október 2020

Ámundi V. Brynjólfsson, skrifstofustjóri
skrifstofu framkvæmda og viðhalds